



Starfsáætlun

2026-2030

Samtök um kynheilbrigði

Framtíðarsýn (vision)

Samtökin leggja áherslu á kynheilbrigði og rétt fólks til kynheilbrigðis, þar sem er til staðar ánægja, samskipti og traust.

Stefna (mission)

Samtökin vinna að því að efla og vernda kynheilbrigði með því að leggja áherslu á heilbriggt og ánægjulegt kynlíf. Í því felst að fólk fái viðeigandi kynfræðslu og kynheilbrigðisþjónustu sem byggist á faglegri og gagnreyndri þekkingu. Jafnframt eru samtökin talsmaður kynheilbrigðis í samfélaginu og berjast gegn fordómum, þar sem byggt er á gagnreyndri þekkingu til að efla einstaklinga, hópa og samfélagið. Samtökin starfa með öðrum samtökum hér á landi og erlendis að stefnumálum sínum og vinna að þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem varða kynheilbrigði.

Grunngildi (values)

Mannréttindi: Allir eigi rétt á því að lifa heilbrigðu kynlífi.

Jafnrétti: Áhersla á jafnrétti kynjanna og að engin mismunun sé til staðar.

Líkamlegt sjálfræði: Sérhver einstaklingur geti ráðið yfir eigin líkama.

Virðing: Allar kynverur skulu njóta virðingar.

Ánægja: Allir eiga rétt á því að njóta sín sem kynvera.

Samskipti: Opin og heiðarleg samskipti eru grundvöllur kynheilbrigðis.

Traust: Heiðarleiki, virðing og öryggi er forsenda trausts í samböndum.

GRUNDVALLARÞÆTTIR

RÉTTUR TIL KYNHEILBRIGÐIS

Réttur til kynheilbrigðis byggist á mannréttindum og varðar frelsi, virðingu og jafnrétti manna. Til að stuðla að kynheilbrigði einstaklinga og samfélagsins verður að viðurkenna þennan rétt innan samfélagsins. Heimssamtök um kynheilbrigði (WAS, World Association for Sexual Health) hafa sett fram rétt til kynheilbrigðis í 16 liðum. Þar má nefna rétt til jafnréttis og vera ekki mismunað; rétt til lífs, frelsis og öryggis; rétt til sjálfsstjórnar og líkamlegs öryggis; rétt til að vera laus undan hvers kyns ofbeldi og þvingunum; réttur til einkalífs; réttur til að lifa heilbrigðu kynlífi þar sem kynferðislegs öryggis sé gætt; réttur til að njóta vísindalegra framfara; réttur til að fá upplýsingar, réttur til alhliða kynfræðslu; réttur til að ganga í, vera í og slíta hjónabandi eða öðrum svipuðum parsamböndum á jafnréttisgrunni og með fullu samþykki; réttur til að ákveða

með barneign og hafa upplýsingar til að taka slíka ákvörðun og réttur til frjálsrar hugsunar, skoðana og tjáningar (WAS, 2024).

Alþjóðasamtök um fjölskylduáætlun (IPPF) hafa sett fram rétt til kynheilbrigðis í 10 liðum. Þar er m.a. lögð áhersla á jafnrétti og að vera laus undan hvers kyns mismunun; rétt til lífs, frelsis, öryggis og líkamlegrar friðhelgi; rétt til einkalífs; rétt til hugsana-, skoðana- og tjáningarfrelsis; rétt til heilbrigðis og til að njóta afraksturs af vísindalegum framförum; rétt til að fá upplýsingar; rétt til að ákveða með hjónaband og rétt til að ákveða með barneign (IPPF, 2008).

Samtök um kynheilbrigði leggja áherslu á að vernda og viðhalda rétti fólks til kynheilbrigðis. Það er meðal annars gert með því að tryggja aðgengi að kynfræðslu og kynheilbrigðisþjónustu.

IPPF (2008). Sexual rights: an IPPF declaration. London: IPPF.

file:///C:/Users/ssb/Downloads/sexualrightsippfdeclaration_1.pdf

WAS (2014). WAS declaration of sexual rights. <https://www.worldsexualhealth.net/was-declaration-on-sexual-rights>

JÁKVÆÐ KYNVERUND

Hugmyndafræði jákvæðrar kynverundar leggur áherslu á jákvæða þætti eins og kynferðislega vellíðan sem felur í sér að fólk upplifi kynferðislega reynslu á jákvæðan hátt. Kynverund á við um allt það sem varðar hverja kynveru eins og tilfinningar, viðhorf og hegðun. Samþykki og öryggi eru grundvallarþættir í kynferðislegri vellíðan. Hugmyndafræði jákvæðrar kynverundar gefur heildrænni mynd af kynverund mannsins sem m.a. felur í sér tilfinningalega nánd, líkamlega ánægju, jákvæða sjálfsmýnd sem kynvera, jákvæða kynlífsreynslu og að slík jákvæð kynlífsreynsla skapi möguleika að vaxa sem kynvera. Áherslan er því fyrst og fremst á kynferðislega vellíðan en ekki vandamálin eins og kynsjúkdóma eða ofbeldi heldur þætti sem geta skipt máli til að koma í veg fyrir vandamálin (Andreoli o.fl., 2024).

Andreoli, G., Rafanelli, C., Grenigni, P., Hoffmann, S. og Casu, G. (2024). Positive sexuality, relationship satisfaction, and health: a network analysis. *Frontiers in Psychology*, 15:1420148.

<https://doi.org/10.3389/fpsyg.2024.1420148>

KYNHEILBRIGÐI- FYRIR HVERJA?

Kynheilbrigði er mikilvægt fyrir alla aldurshópa. Einstaklingurinn er kynvera allt sitt líf. Samtökin leggja áherslu á alla aldurshópa en sérstaklega unglunga og ungt fólk. Einnig leggja samtökin áherslu á þau sem tilheyra jaðarsettum hópum í samfélaginu.

MEGINMÁLEFNI

Meginmálefni starfsáætlunarinnar eru KYNFRÆÐSLA, VELKOMIN BARNEIGN, HEILBRIGÐ SAMBÖND OG HAGSMUNAGÆSLA.

KYNFRÆÐSLA

Meginmarkmið

Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum fái heildræna kynfræðslu sem veitt er af menntuðum kennurum en njóti jafnframt kynfræðslu á eigin heimilum.

Markmið

- Í samstarfi við stjórnvöld og skóla verði heildræn kynfræðsla kennd á markvissan hátt í grunn- og framhaldsskólum árið 2030.
- Þróað verði nám á næstu fimm árum fyrir kennara á háskólastigi sem undirbýr þá að kenna kynfræðslu.
- Valdefla foreldra með árlegum fræðslufundum til að sinna hlutverki sínu varðandi kynfræðslu.

Viðfangsefni/vandamál

Í lögum um kynfræðslu nr. 25 frá 1975 kemur fram að kynfræðslu skuli veita á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skuli veita hana á öðrum námsstigum. Þessum lögum er ekki fylgt eftir í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins og þar af leiðandi er aðgengi að kynfræðslu ekki tryggt. Hvort kynfræðsla sé til staðar eða ekki, er háð áhugasviði skólastjórnenda hvers skóla fyrir sig. Kynfræðsla hefur því takmarkað rými í skólum og hún er ekki skyldufag. Kennara vantar menntun og þjálfun á sviði kynfræðslu sem getur valdið því að þeir veigri sér við því að kenna kynfræðslu. Bæði vantar leiðbeiningar frá menntayfirvöldum um fyrirkomulag kynfræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi og evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum um heildræna kynfræðslu er ekki fylgt eftir. Ekkert formlegt mat er lagt á það hvað er brýnt að kenna hverju sinni eins og um kynsjúkdóma, (t.d. klamydia) sem eru með háa tíðni í samfélaginu. Ungt fólk hefur mikla þörf og mikinn áhuga á kynfræðslu en að takmörkuðu leyti er komið til móts við þau. Til staðar er því mikið gap á milli þess hvað er kennt og hvað unglingar og ungt fólk vill fá upplýsingar um. Að auki, virðist enginn í skólum landsins vera ábyrgur fyrir eftirliti með gæðum kynfræðslu, hverjir efnisþættir hennar eru, hvernig hún er kennd eða hvað þurfi að bæta. Reglulegar rannsóknir um stöðu kynfræðslu hér á landi skortir og þar af leiðandi er ekki unnt að meta hversu vel hefur tekist til frá ári til árs og hvað þarf að gera betur. Í samfélaginu vantar grundvallarskilning á kynfræðslu og mikilvægi hennar og því nýtur hún ekki þeirrar virðingar sem hún á skilið. Þessu þarf að breyta.

Gæðaviðmið

Það er réttur barna, unglunga og ungs fólks að njóta heilðrænnar kynfræðslu og fá upplýsingar sem byggjast á vísindalegum grunni. Heilðræn kynfræðsla er ferli sem byggist á kennslufræðilega uppbyggðu og fjölbreyttu námsefni sem þarf að fjalla um þekkingarlega, tilfinningalega, líkamlega og félagslega þætti kynverundar. Það þarf jafnframt að vinna með þekkingu, viðhorf og færni og miða kennsluna við þroska nemenda. Til að vinna með viðhorf og færni þarf kennslan að byggjast á gagnvirkum kennsluaðferðum. Í kynfræðslu þarf að gæta að rétti til jafnréttis og að vera ekki mismunandi. Markmið með kynfræðslu er að stuðla að kynheilbrigði einstaklingsins sem felur í sér að geta notið sín sem kynvera því það er réttur hvers og eins að lifa heilbrigðu kynlífi þar sem kynferðislegs öryggis er gætt. Þannig nái einstaklingurinn að þróa samband sem byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.

AÐGERÐAÁÆTLUN

Samfélagið

- Gæta þess að samfélagið verndi rétt unglunga og ungs fólks til að fá heilðræna kynfræðslu.
- Útrýma ranghugmyndum um kynfræðslu.
- Hvetja stjórnvöld til að lögbinda kynfræðslu sem skyldufag í grunn- og framhaldsskólum.
- Hvetja mennta- og barnamálaráðuneytið til að hafa skýrar leiðbeiningar og viðmið fyrir skóla um hvernig kynfræðslu skuli háttað.
- Hvetja til reglulegra rannsókna á kynfræðslu, t.d. um árangur hennar.
- Auka aðgengi að smokkum og töfrateppum í samfélaginu.
- Hvetja þær háskólastofnanir sem eru með nám í kennarafræðum að hafa markvissa kennslu og þjálfun fyrir kennara um kynfræðslu.
- Hvetja til markvissrar smokkanotkunar í samfélaginu.

Hópar/Einstaklingar

- Sjá til þess að skólastjórnendur fái fræðslufundi um mikilvægi kynfræðslu.
- Komið verði á fót samvinnuteymi innan skóla og milli skóla um kynfræðslu.
- Stuðla að því að foreldrar hafi aðgang að umræðu- og fræðslufundum um kynfræðslu.
- Stuðla að því að haldin séu námskeið fyrir kennara um kynfræðslu þar til búið er að byggja upp nám hjá menntastofnunum sem undirbúa kennara að kenna kynfræðslu.
- Styðja við og starfa með fagfólki og fræðsluaðilum í grunn- og framhaldsskólum.
- Vera í samstarfi við samtök unglunga og ungs fólks í skólum.
- Stuðla að því að unglingar og ungt fólk fái heilðræna kynfræðslu.
- Unglingar fái tækifæri til að vinna að verkefnum um brýn kynheilbrigðismál.
- Skapa unglingum og ungu fólki tækifæri til að taka þátt í að gera kynfræðslu að skyldufagi innan grunn- og framhaldsskóla.

- Styðja við baráttu unglunga og ungs fólks fyrir bættri kynfræðslu.
- Gæta þess að á heimasíðu samtaka um kynheilbrigði séu aðgengilegar gagnreyndar upplýsingar fyrir unglunga og ungt fólk um kynheilbrigðismál.

VELKOMIN BARNEIGN

Meginmarkmið

Sérhver einstaklingur geti tekið upplýsta ákvörðun um barneign og takmörkun þeirra.

Markmið

- Ungar konur, karlar og kvár beri jafna ábyrgð á notkun getnaðarvarna.
- Auka aðgengi að ókeypis smokkum í framhaldsskólum.
- Ungt fólk hafi aðgang að gagnreyndum upplýsingum um getnaðarvarnir í kynfræðslu í skólum og á vefsíðu samtakanna.
- Unglingar hafi árið 2030 aðgang að miðlægri unglíngavænni kynheilbrigðisþjónustu.

Viðfangsefni/vandamál

Á Íslandi hefur barneignum fækkað á síðustu árum sem er svipað og gerst hefur á öðrum Norðurlöndum. Hefur meðalaldur mæðra farið hækkandi og er nú um þrítugt. Neikvæð og villandi umræða hefur verið í samfélaginu um notkun örugggra hormónagetnaðarvarna sem er ekki grundvölluð á vísindalegri þekkingu. Til staðar er ofurtrú á náttúrulegum aðferðum og notkun á frjósemisöppum. Fram hefur komið að stúlkur hafa ekki frjálst val um notkun hormónagetnaðarvarnar. Konur og kvár skortir iðulega fræðslu um þá getnaðarvörn sem þau völdu að nota sem leitt getur til þess að getnaðarvörnin er ekki notuð á markvissan hátt. Borgun á getnaðarvörnum og notkun þeirra hefur einkum verið á ábyrgð kvenna og kvára. Kaup á smokkum reynist mörgum ungum mönnum og kvárum erfitt og því hefur skert aðgengi að einhverju leyti hindrað notkun þeirra. Ekki er í boði miðlæg unglíngavæn kynheilbrigðisþjónusta á höfuðborgarsvæðinu með sér þjálfuðu starfsfólki. Gera má ráð fyrir því að vissir jaðarhópar hafi litla sem enga vitneskju um hvaða kynheilbrigðisþjónusta er í boði. Einnig er aðgengi að kynheilbrigðisþjónustu mun betri í höfuðborginni miðað við landsbyggðina.

Gæðaviðmið

Fólk á rétt á að ákveða með barneign og hafa upplýsingar til að taka slíka ákvörðun. Það á einnig rétt á upplýsingum sem byggjast á vísindalegum grunni og að þjónusta sé af góðum gæðum þar sem borin er virðing fyrir skjólstaðingnum, engum er mismunað (m.t.t. kyns, kynvitundar, kynhneigðar, litarháttar, bakgrunns....) og unnið er út frá einstaklingsþörfum. Þar sé gætt að rétti til sjálfsstjórnar og líkamlegs öryggis þar sem einstaklingurinn fær sjálfur að hafa val um getnaðarvörn og geta tekið sjálfstæða

upplýsta ákvörðun um notkun getnaðarvarna og barneignir. Allir eiga að hafa jafnan rétt hvað varðar aðgengi að ráðgjöf um getnaðavarnir, þungunarrofi og ófrjósemisaðgerðum og taka ákvörðun um það án þvingana. Til að koma sem best til móts við þarfir fólks varðandi notkun getnaðarvarna þarf fagfólk að hafa góða þekkingu og þjálfun í ráðgjöf á þessu sviði. Hér þarf sérstaklega að huga að unglingum og ungu fólki ásamt jaðarsettum hópum.

AÐGERÐAÁÆTLUN

Samfélagið

- Samfélagið verndi rétt fólks til að taka upplýsta ákvörðun um barneign eða takmörkun þeirra og að fá nægar upplýsingar og ráðgjöf til að geta tekið slíkar ákvarðanir.
- Þess sé gætt að fólk hafi frjálst val um barneignir og takmörkun þeirra.
- Hvetja til rannsókna á gæðum ráðgjafar um getnaðavarnir.
- Tryggja að konur og kvár fái nægjanlega fræðslu áður en viðkomandi byrjar að nota getnaðavarnir.
- Halda vörð um sjálfsákvörðunarrétt kvenna og kvára til að ráða yfir eigin líkama og geta farið í þungunarrof án hindrana.
- Smokkar séu víða aðgengilegir án endurgjalds.
- Hvetja stjórnvöld til að koma á fót miðlægri unglingavænni móttöku á höfuðborgarsvæðinu á sviði kynheilbrigðis fyrir unglinga og ungt fólk.

Hópar/Einstaklingar

- Stuðla að jafnri ábyrgð allra kynja á notkun getnaðarvarna.
- Fólk í viðkvæmri stöðu hafi aðgengi að upplýsingum um hvar unnt er að fá kynheilbrigðisþjónustu og hvað felst í slíkri þjónustu. Hópar?
- Hvetja ungt fólk til að berjast fyrir bættu aðgengi að smokkum.
- Ungt fólk sé upplýst um frjósemi og frjósemisöpp.
- Ungt fólk sé upplýst um langtíma hormónagetnaðavarnir.
- Hvetja ungt fólk til að greina frá sínum skoðunum á þeirri kynheilbrigðisþjónustu sem stendur þeim til boða.
- Gæta þess að á heimasíðu samtaka um kynheilbrigði séu aðgengilegar upplýsingar um getnaðavarnir, neyðargetnaðarvörn, þungunarrof og kynheilbrigðisþjónustu.

HEILBRIGÐ SAMBÖND

Meginmarkmið

Sérhver einstaklingur geti lifað heilbrigðu kynlífi án nokkurra þvingana eða ofbeldis.

Markmið

- Jaðarsettir hópar fái reglulega fræðslu um hvers kyns ofbeldi og forvarnir því tengdu.
- Fjallað sé árlega um heilbrigð sambönd í grunn- og framhaldsskólum.
- Með árlegum fræðslufundum öðlist foreldrar fleiri úrræði til að vinna að forvörnum ofbeldis með sínum unglingum.

Viðfangsefni/Vandamál

Kynbundið ofbeldi, ofbeldismenning og ranghugmyndir um sambönd eru til staðar í samfélaginu. Börn og unglingar verða fyrir mikilli félagsmótun í gegnum samfélagsmiðla sem lýtur að ofbeldi. Lítil þekking er til staðar meðal ungs fólks um heilbrigð sambönd. Ungt fólk vantar upplýsingar um fyrstu kynmök og hvað sé innan eðlilegra marka. Í samfélaginu skortir víða virðingu gagnvart öðrum og það á einnig við um kynferðisleg sambönd. Einstaklingar í nánum samböndum þar sem er til staðar ofbeldi gera sér oft ekki grein fyrir því hvað heilbrigt kynferðislegt samband felur í sér. Alls kyns ofbeldi svo sem nauðganir eiga sér stað innan náninna sambanda. Hvers konar jaðarsett fólk er líklegra að verða fyrir ofbeldi, eins og fólk með takmarkað bakland, fólk sem hefur áður upplifað ofbeldi og kemur frá brotnum heimilum. Stafrænt ofbeldi er til staðar í ýmsum myndum. Margir foreldrar eru ráðþrota gagnvart eigin hlutverki sem felst í því að takast á við og ræða um ofbeldismál og notkun samfélagsmiðla.

Gæðaviðmið

Hver og einn á rétt á því að lifa heilbrigðu kynlífi án hvers kyns ofbeldis eða þvingana. Einnig á fólk rétt á því að gætt sé jafnréttis og að vera ekki mismunað á nokkurn hátt. Það er jafnframt réttur fólks að njóta frelsis og að geta haft sjálfstjórn og notið líkamlegs öryggis. Heilbrigt kynferðislegt samband byggist á því að einstaklingar deili lífsgildum sem skipta þá miklu máli. Í slíkum samböndum ríkir jafnrétti, gagnkvæm virðing og traust og einkennast þau af heiðarleika, samþykki beggja aðila og er báðum til ánægju. Þess er gætt að varast ótímabæra þungun, kynsjúkdóma og HIV og engin þvingun eða misnotkun eigi sér stað.

ADGERÐAÁÆTLUN

Samfélagið

- Samfélagið verndi rétt fólks til að lifa heilbrigðu kynlífi.
- Hvetja til umræðu um fjölbreytta mynd ofbeldis.
- Upplýsa almenning um hvað einkennir heilbrigð og óheilbrigð sambönd.
- Starfa með öðrum samtökum í samfélaginu að forvörnum varðandi ofbeldi í nánnum samböndum.

Hópar/Einstaklingar

- Hvetja til þess að foreldrar fái fræðslu um forvarnir gegn þvingunum og ofbeldi.
- Byrjað sé snemma að ræða við börn um heilbrigð samskipti og sambönd.
- Hvetja til þess að stúlkur séu upplýstar um þvinganir og ofbeldi við fyrstu kynmök.
- Þess sé gætt að upplýsa ungt fólk um stafrænt ofbeldi, birtingarmynd þess og mögulegar afleiðingar.
- Ungt fólk fái tækifæri til að vinna að málefnum sem varða forvarnir gegn þvingunum og ofbeldi.
- Gæta þess að upplýsa jaðarsetta hópa um ofbeldi.
- Gæta þess að foreldrar fái stuðning í sambandi við að fjalla um hvers kyns ofbeldi við börn og unglunga.
- Stuðla að því unglunga og ungt fólk fái umfjöllun um heilbrigð sambönd og kynferðislegt samþykki í kynfræðslu í skólum landsins.
- Hvetja unglunga og ungt fólk til að kynna sér faglegt efni um heilbrigð sambönd og fleira með því t.d. lesa handbókina Ertu klár í kynlífið?
- Gæta þess að á heimasíðu samtaka um kynheilbrigði séu aðgengilegar upplýsingar um heilbrigð sambönd.

HAGSMUNAGÆSLA

Meginmarkmið

Auka meðvitund í samfélaginu um kynheilbrigði.

Markmið

- Auka þekkingu og skilning stjórnvalda á næstu árum á mikilvægi kynheilbrigðis og réttindum fólks til kynheilbrigðis.
- Á næstu árum, styrkja og bæta stuðningsnet þeirra er vinna að fræðslu og réttindamálum varðandi kynheilbrigði.
- Fá fleira ungt fólk og jaðarsetta hópa á næstu árum til liðs við samtökin svo raddir þeirra fái að heyrast.

Viðfangsefni/vandamál

Árið 2019 stóðu samtökin frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort ætti að leggja þau niður eða reisa þau við. Vegna mjög áhugasamra einstaklinga í stjórn samtakanna og mikilvægi þeirra málefna sem samtökin standa fyrir var ákveðið að vinna að uppbyggingu þeirra. Frá þeim tíma hafa samtökin verið að byggjast upp á ný í kjölfar tímabils lítilla aðgerða. Til að byggja upp traust og trúverðugleika í samfélaginu var unnið að því að gera samtökin sýnileg á netmiðlum. Ný heimasíða var hönnuð frá grunni og þar settar fram áherslur samtakanna en jafnframt lagður metnaður í að hafa fjölbreytt fræðsluefni, einkum fyrir unglunga og ungt fólk en einnig fagfólk. Starfsáætlun samtakanna frá fyrri tíð þurfti jafnframt að setja í nútímalegan búning. Samstarf við ýmis félög og stofnanir eins og systrafélög á Norðurlöndum og við IPPF hafði einnig rofnað og þurfti að byggja upp að nýju.

Gæðaviðmið

Gæta þarf að hagsmunum samtakanna á margan hátt. Til að hreyfa við og styrkja málefni samtakanna í samfélaginu, hafa áhrif á stefnu og auka meðvitund gagnvart kynheilbrigði þá er nauðsynlegt að margir hagaðilar vinni saman. Stuðla þarf að sýnileika kynheilbrigðis í samfélaginu með umfjöllun um mikilvægi þess á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Ná þarf fram pólitískri og fjárhagslegri skuldbindingu og stuðningi fyrir kynheilbrigði og réttindum þess innan lands og utan. Vinna með öðrum samtökum, stofnunum og stjórnvöldum hér á landi, systrasamtökum á Norðurlöndum og í Evrópu auk Alþjóðasamtökum um fjölskylduáætlun að bættu kynheilbrigði fólks.

AÐGERÐAÁÆTLUN

Samfélagið

- Koma skilaboðum til almennings á ári hverju um mikilvægi kynheilbrigðis t.d. með því að vekja athygli á alþjóðlegum kynheilbrigðisdegi þann 4. september.
- Skapa góð tengsl við stjórnvöld og stofnanir þeirra sem koma að málaflöknum.
- Starfa með stjórnvöldum að því að koma í framkvæmd verkefnum á sviði kynheilbrigðis.
- Vinna með stjórnvöldum að stefnumótun um kynheilbrigði.
- Starfa með þverpólitískum hópi þingmanna að því að bæta kynheilbrigði hér á landi.

Hópar/Einstaklingar

- Koma auga á mögulega talsmenn í umræðunni um kynheilbrigði meðal þess fagfólks sem starfar á heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum og í einkageiranum.
- Koma á framfæri vitneskju um mikilvægi réttinda til kynheilbrigðis til mögulegra samstarfsaðila.
- Starfa með samtökum sem vinna að svipuðum málefnum.

- Koma á jákvæðu sambandi við fjölmiðla til þess að koma þessum málefnum á framfæri.
- Þjálfa ungt fólk til að vera málsvari jákvæðra viðhorfa til kynlífs.
- Styðja við samtök ungmenna sem vilja taka þessi mál til umræðu.
- Fá fulltrúa jaðarsettra hópa til samstarfs við samtökin.

ÁRANGURSMAT

Árangur verður mældur með ýmsum hætti. Til dæmis verði árangur af kynfræðslu, jöfn staða kynjanna með ábyrgð á notkun getnaðarvarna, þekking á öruggum getnaðarvörnum, umfjöllun um heilbrigð sambönd í skólum og notkun á ókeypis smokkum í skólum mældur með reglulegum könnunum. Mikið af árangri felst í samvinnu við ýmsar stofnanir eins og við stjórnvöld, menntastofnanir, skóla og aðra hlutaðeigendur. Fræðslufundir verða metnir í lok þeirra. Aukið aðgengi að ókeypis smokkum verður m.a. unnið með smokkainnflytjendum og skólum. Vinna þarf með stjórnvöldum, heilsugæslunni og öðrum hlutaðeigandi aðilum að því að stofnsetja miðlæga ungdómsvæna kynheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk. Varðandi fræðslu til foreldra og til jaðarsettra hópa þá verði á vegum samtakanna hannaðir fræðslupakkar og séð til þess að þeir sem veita fræðsluna hafi góða þekkingu og þjálfun á viðkomandi sviði. Skoðaðir verða ýmsir kynheilbrigðisvísar í lok hvers árs og í lok heildartímabilsins. Þetta eru vísar eins og fjöldi fæðinga, fjöldi þungunarrofa, fjöldi greindra kynsjúkdóma og fjöldi skráðra ofbeldismála.

Í lok hvers árs starfsáætlunar mun stjórn samtakanna markvisst skoða hvað hafi áunnist á tímabilinu. Í lok fimm ára tímabilsins árið 2030 er síðan lagt heildarmat á aðgerðir, hvað tókst vel og hvað þarf áfram að vinna að.

Forsendur árangurs

Þær framkvæmdir sem samtökin geta farið í hverju sinni eru að miklu leyti háðar þeim fjárveitingum og styrkjum sem þau fá á ári hverju og hvort samtökin hafi starfandi framkvæmdastjóra. Til að halda öllum boltum á lofti er gríðarlega mikilvægt fyrir samtökin að ráða framkvæmdastjóra sem fyrst. Auk þess er árangur undir því kominn að þær nefndir sem munu sjá um að koma ákveðnum verkefnum í framkvæmd á vegum samtakanna hafi til þess þá þekkingu, fjármagn og færni sem er nauðsynleg.